

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 731/2020, um byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2020/2021.

1. gr.

Í stað tölunnar "4.617" í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 4.810.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aflaheimildir skv. 1. gr. skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn
Þorskur	4.029	3.384
Ýsa	682	521
Ufsi	1.073	565
Steinbítur	155	76
Gullkarfi	300	213
Keila	30	10
Langa	88	41
Samtals:	6.357	4.810

3. gr.

Í stað tölunnar "4.617" í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 4.810.

4. gr.

Lokamálsliður staflíðar A í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafi svo ekki orðið er heimilt að halda úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein óbreyttum frá úthlutun fiskveiðiárið 2019/2020 að teknu tilliti til hlutfalls samdráttar í heildaraflaheimildum milli fiskveiðiaranna 2019/2020 og 2020/2021.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. nóvember 2020.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.